



Bréfa- og málasafn Þórðar Sveinssonar stud. med. 1899-1923

Bjarni Benediktsson – Þórður Sveinsson – Aldamótaljóð – Einar Benediktsson – Fundarboð –
Minnismiðar – Blaðaúrkippa – Grafskritir – Reikningar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-20, Örk 7

Þórður Sænasson

ALDAMÓTALJÓÐ

EFTIR

EINAR BENEDIKTSSON

SUNGIN OG LESIN Í REYKJAVÍK Á ALDAMÓTUM

1900—1901

Aldamótaljóð.

(Cantate).

I.

Lag: Þið pekkið fold með bliðri brá,
Við aldahvarf nú heyrum vér
sem hljóm af fornum sögum,
og eins og svip vor andi sér
af öllum landsins högnum;
af sókn þess fram með sverð og kross
með siðmenning og lögum.
Og hátt skín bjarminn yfir oss
frá Íslands frægðar dögum.

Það ljós skín yfir aldahaf
að yztum tímans degi,
í gegnum bolsins blakka kaf,
sem blys á niðjans vegi.
Það verndi oss, það víki' ei brott;
í virðing heims það standi,
að fornöld ber þess fagran vott,
hvað felst í þessu landi.

Það veki hja oss kraft, sem knýr
til kapps, til alls þess stærra,
til starfs, sem telur tími nýr,
til takmarks æðra' og herra.

Hver þekkir rétt, hvert þjóðin kemst,
þó þúsund ár hún misti?
Oft seinastur varð settur fremst
og síðastur himn fyrsti.

Því lofi æskan alla tíð
þá eiða hjörtun sverji,
að æfi sinni öllum lýð
til auðnu' og gagns hún verji.
Og blessum þessi hljóðu heit,
sem heill vors lands eru' unnin,
hvert líf, sem græddi' einn lítinn reit
og lagði' einn stein í grunninn.

Og fjöldinn undir mold og meið
í minningunni vaki.
Vor óld þá frægi, himinheið,
sem hefst að fjallabaki.
Þeir léttu af oss oki' og neyð,
þó enn oss meinin saki;
þeir hrundu vorum hag á leið
með heillar aldar taki.

Vér munum aldamyrkrið fyrst
svo morgun framfaranna,
er bökament og lærðómslist
brá ljósi' á hugi manna;
og »Fjölni«, reisn vors feðramáls,
og fundinn þjóðarinnar;
og löggjöt vora og fjármál frjáls
einn fjórðung aldarunrar.

Það liðna, það sem var og vann
er vorum tíma yfir;
því aldur deyðir engan mann,

sem á það verk er lifir. —
Já, blessum öll hin hljóðu heit,
sem heill vors lands vóru' unnin,
hvern kraft, sem studdi stað og sveit
og steina lagði' í grunninn.

II.

(Recitativ).

Árdagsins stund gefur auðinn í mund.
Á aldarmorgni skal risið af blund —
húmtjöldin falla og hylja alt liðið,
vér hringjum út öldina gömlu í kvöld.
— Í æfinnar leik sjást atvik og þættir
í eilifri skifting. Alt byrjar og hættir.
En landsins börn kveikja ljós yfir grund
og ljóma upp framtíðarsviðið.
Pan tindra hátt yfir hússanna fjöld,
þau horfa til upphéimsins þúsundföld.
Með söngvum og ljóði og lágt í hljóði
alt landið vort biður þau himnesku völd.
Að styrkja vort fámenni' og fylkja nú liðið,
í framsókn á rétta miðið.

Vor hólmi er snauður, svo hart er um brauð,
margt hérað sem eyðimörk köld og dauð.
Sú óld, sem nú hefst, á hlutverk að inna —
sjá hjálpráð til alls, varna þjóðinni falls.
En sýnir ei oss allur síðaður heimur,
hvað sárlegast þarf þessi strjálbygði geimur,
að hér er ei stoð að stafkarlsins auð!
Nei, stórfé! Hér dugar ei minna!
Oss vantar hér lykil hins gullna gjalda,
að græða upp landið frá hafi til fjalls.

Hann opnar oss hliðin til heiðanna, á miðin,
í honum býr kjarni þess jarðneska valds.
Pann lykil skat Ísland á öldinni finna —
fá afl þeirra hluta', er skal vinna.

Orka með dygð reisi bæi og bygð,
hver búi að sín með foðurlands trygð.
Frelsi og ljós yfir landsins strendur,
ei lausung né tálshörur hálfleiks og prjáls!
Því menning er eining, sem öllum ljær hagnað,
með einstaklingsmentun, sem heildinni' er gagn að,
og frelsi þarf táps móti tæling og lygð,
ei trúgirni' á landsins fjendur.

Pá verður vor módir og fóstra frjáls
er fjöldinn í þjóðinni nýtur sín sjálfs.
Er kraftarnir safnast og sundrungin jafnast
í samhuga fylgi þess almenna máls.
Og tíminn er kominn að takast í hendur,
að tengja það samband, er stendur. —

— Því veldur vor fátækt, oss vantar að sjá,
hvað vísindi ynnu hér, þjóðleg og há,
sjá náttúru landsins vors náminu háða
sjá not þeirrar mentar, sem oss væri hent.
Og hugmyndir vantar. Með eins manns anda
ávanst oft stórvirki þúsund handa.
Skal gabba þann kraft? Er ei grátlegt að sjá,
göfuga hugsjón smáða, —
sjá heilbrigða tréð vera höggið og brent,
en hirt það visna? Það þekkjum vér tvent.
Að virða listir og framtak er fyrsta,
sem fólkini' á Íslandi skyldi kent.
Með vísindum alþjóð eflist til dáða,
það æðra því lægra skal ráða. —

Vér óskum hér bóta við aldanna móti,
en alt þó með gát og á þjóðlegri rót;

með rækt við fortíð og fótsporin þungu,
sem fyrst hafa strítt yfir veglaust og grýtt.
Vér eigum sjálfir á eftir að dæmast,
af oss skulu forfeður heiðrast og sæmast, —
sem studdu á lífsins leið vorn fót,
sem ljóðin við vöggurnar sungu. —
Það fagra, sem var, skal ei lastað og lýtt,
en lyft upp í framför, hafið og prýtt.
Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,
án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt.
Vort land það á eldforna lifandi tungu,
hér lifi það gamla' í þeim ungu!

Sá veglegi arfur hvers Íslendinga þarf
að ávaxtast gegnum vort líf og vort starf,
sem sterkasti þáttur alls þjóðarbandsins,
við þrautirnar stríðu og lífskjörin blið.
Lát fyllast hljóm þeirra fornū strengja,
lát frumstofninn haldast, en nýtt þó tengja
við kjarnann, sem gerði, að kyn vort ei hvarf,
sem korn eitt í hafi sandsins.
Fegurra mál á ei veröldin við
né varðveitt betur á raunanna tíð;
og þrátt fyrir tízkur og lenzkur og lýzkur
það lifa skal ómengað fyr og síð.
Án þess týnast einkenni og þjóðerni mannsins,
án þess glatast metnaður landsins.

Öld! Kom sem bragur með lyftandi lag
og leiddu oss upp í þann sólbjarta dag.
Láttu oss tómlæti' í tilfinning snúa,
í trú, sem er fær það, sem andinn ei nær.
Því gullið sjálf vestlast og visnar í augum
þess vonlausa, trúlausa, dauða úr taugum.
Að elska, að finna æðanna slag

að æskunni í sálinni hlúa,
það bætir oss meinin svo heimurinn hlær,
svo höllinni bjartar skín kotungsins bær.
Sjálft hugvitið, þekkingin hjaðnar sem blekking,
sé hjarta ei með, sem undir slær.
Hver þjóð, sem í gæfu og gangi vill búa
á guð sinn og land sitt skal trúa

Sól? Við þinn yl signist alt, sem er til,
í afdalsins skugga, í sædjúpsins hyl.
Og öflin hefjist hjá færum og fleygum,
með fagnandi þrá upp í viðsýnin há.
Söttkveikjunollan í sólskini eyðist.
Á svíðið fram það heilbrigða leiðist,
með æskunnar kapp yfir aldanna bil
að elli og heiðursins sveigum.
Lyftist úr mǫldunni litblómin smá,
loftblærinu andi krafti' í hvert strá.
Yugist jörðin við faðmlag um fjörðinn,
með fosslokkinn gyltan við heiðarbrá,
og drekki lífið í löngum teigum
af ljósbrunnsins glitrandi veigum.

Hugur vor bindist þér, himneska mynd,
sem háfjallið ljómar, þess rót og þess tind,
sem oft lézt í fólksins framtíðar verki
eitt frækorn smátt eiga voldugan þátt.
Láttu vor frækorn lifna og dafna,
láttu þau vaxa og eining þeim safna.
Skapaðu' úr klakanum læk og lind
og lífsflóð úr jökulsins serki.
Glæddu í brjóstunum bróðerni' og sátt,
bræddu úr heiftinni kærleikans mátt.
Hreinsaðu landið með heilnæmum anda,
en horfðu í náð á alt kúgað og lágt.
Ljómaðu í hjörtunum, ljóssins merki,
hjá landslyð, hjá valdsmanni og clerki!

III.

Lag: Eldgamla Ísafold

Ein hnígur aldarsól,
ótt veltur tímans hjól,
komið er kvöld.
Rís önnur rík og frið,
roðar um fjallahlíð
óflug, en björt og blið
byrjandi öld.

Umliðið aldarstrið
umbuni' á nýrri tið
gæfunnar gjöld.
Berist oss björg á strönd,
blónugist öll sveitalönd.
Guðs náð með hverri hond
Hefjist sú öld.


Of lengi' í örþingð stóð
einangruð, stjórnlaus þjóð,
kúguð og köld.
Einokum opni hramm.
Iðnaður, verzlun fram.
Fram! Temdu fossins gamm,
framfara öld !


Sé eithvað satt og rétt,
sigra því gerðu létt,
veittu því völd.
Auðgaðu anda manns,
örfafaðu vilja hans,
mannaðu menn vors lands,
menningar öld.


Brjót Íslands bönd um þvert,
bann leystu af því hvert,
skírðu þess skjöld.

Lifgaðu' alt lífsins vert,
launa hvað vel er gert.
Fyrir vort fólk þú sérst
frelsisins óld.

Blessaðu' alt búalið,
bát hvern og fiskisvið,
hérað og höld.
Hefji þá auðnuaf!
Upp! Yfir hrönn og skafl!
Lát snúast tímans tafl,
tuttugasta' old!







VALDIMAR ÁSMUNDARSON
RITSTJÓRI.

FÆDDUR 10. JÚLÍ 1852.

DÁINN 17. APRÍL 1902.

Frá tveim vinum hans.

Dauðinn reiddi Rimmugýgi,
— ráð eru löngum ferleg hans, —
brustu hlifar, biluðu tygi,
brast þar auga göfugs manns.
Frá eg þar einn að foldu hnigi
af fremstu sonum þessa lands.

Aldrei lagðan þjóðveg þræddi 'ann,
þó að braut sú væri greið,
klungur-urðir aldrei hræddu 'ann
og hann komst þó sina leið.
Sjálfur eigin gáfur glæddi 'ann,
gafst ekki' upp við hálfnar skeið.

Fróður i nýju' og fornu máli,
fræðimaður á sögu' og ljóð,
þrældómshlekk með hvössu stáli
höggva vildi' af kyrku' og þjoð; —
hindurvitni brenndi' á báli,
bljes að nýrri andans glöð.

Gusisnautum beittum beitti 'ann
beinskeytur að óvinum;
hverjum sem til reiði reitti 'ann

refsáði hann með sporðrekum.
En aldrei sinu skapi skeytti 'ann
skaprikur á saklausum.

Vinum sínum var hann tryggur,
viðmótsgóður en seintekinn;
ýmist glaður eða hryggur,
við auma' og veika nærgætinn.
Eptir manninn meira liggar,
en margar, er tignar heimurinn.

Á sjer mjög ljet aldrei bera,
en á honum mikið bar, —
yfirlætislaus að vera,
lögmálsgrein hans ein sú var;
en ættjörðinni gömlu gera
gagn hann vildi allsstaðar.

Nú mun glatt i Gimlis sölum,
genginn er hann þangað braut. —
Fögur blómin drúpa' i döllum,
dregur skugga' um hæð og laut.
— Vinur, sofðu' und svörtum fjöllum
sæll við þinnar móður skaut!

Guðm. Guðmundsson.

FJELAGSPRENTSMIDJAN.



Hjer er hulin
helgum moldum
vinum horfin
og vandamönnum

hugumljúf
heiðurskvinnna
sveipuð sorg
í svefní dauða

Sigriður Magnús dóttir

fædd i Engey

10. Nóvember 1835

gipt 31. Október 1862

Þorsteini Pjeturssyni

á Norðtungu

þeim varð ellefu barna auðið
sem sjö syrgja elskaða móður
andaða i Reykjavík

5. April 1895.



Hennar guðhræðslu
og hjartagæzku
mun hjer minnst
af mörgum lengi.

Stöðuglyndi
og staðfesta
þrek og pol
og þíðlyndi:

Allt var það henni
af alvalds hendi
greitt og gefið
gulli betra.

En sjaldan munu
slikar finnast
gersemar góðar
í glaumi manna

Pá kallið hinnsta hljómar
og hverfur sólar glóð,
þá þagna unaðs ómar
en æsist tára flóð!

Pá svellur sorgin þúng—
en innst í hreldu hjarta
er hlýtt við geislann bjarta:
náð guðs er alltaf úng.

Pó þú nú frá oss færir
þú fórst ei burtu samt,
því minnis-geislar mærir
ei mæla stutt nje skammt:
út yfir æfistig,
þeir veginn ljosa líða
og lífsins ekki bíða,
nje deyða sjálfa sig.

Svo mun þitt lífið ljúfa
ei líða okkur frá,
það orð mun enginn rjúfa,
það okkur lifir hjá.
Því kærleiks heldur hönd,
því aldrei tíminn týnir,
en táraletrið sýnir,
sem skilst um lýða lönd.

B. G.



VILHJÁLMUR JÓNSSON

CAND PHIL.

FÆDDUR 30. ÁGÚST 1870.

DÁINN 8. FEBRUAR 1902.

Kveðja frá stúdentum.

I.

Lag: „Blomst kan visne for Sol gaan ned“.

Heilsast þögul við Ránar rönd
í rökkru nött og dagur;
hún sveipar harmlæjum haf og strönd, —
hann hverfur svo bljúgur og fagur.
En blástjarnan skeær þó bjarma slær
á blæjurnar dökku.

Svo er nú, þar sem hrím og húm
þig hylur oss sjónum ungan. —
vonin drúpir við dánar-rúm
svo döpur og stynur svo þungan, —
hún syngur um fagurt sólarlag
og sofnar við barm þinn.

Einatt brást þjer þín bjarta von,
því brigðlynd hún reynist stundum, —
en þú varst árroðans einka-son
með æskuna' og þróttinn i mundum;
og um þig er bjart, þótt hjarnið hart
nú hylji þig dáinn.

Vinir gráta hjer góðan dreng
með gófugu, tryggu hjarta,
viðkvæm ljeku þar lög um streng
og lifandi þrá til hins bjarta;
þú stefndir svo hátt, og í aðra átt
en almennt er snuið.

Aldrei máttir þú auman sjá
svo ekki þú vildir baeta;
glaður undir þú glöðum hjá,
þig gladdi að hugga og kæta. —
sem þakklætis gjöf færð þú nú gröf,
já, þetta' eru launin!

— — Aldrei skil jeg vorn skapadóm
nje skiptin á nött og degi;
dapur i herrans helgidóm'
jeg höfuð mitt beygi og þegi
og geymi minn harm við guðs mins barm
og gáturnar myrku. — —

Vef þú, fósturjörð, fast að þjer
i faðminum soninn kaera; —
hjá þjer, móðir, hann beinim ber,
ó, búðu' honum hvildina væra!
Sú döfin mun blið eptir dauðans strið,
hið dapra og langa.

Kveðjast aptur við röðuls rönd
í rósgliði nött og dagur;
hún deyr. — Hann brosir með blys í hönd
svo bjartur og ljúfur og fagur;
þá vaknar hvert blóm við hörpuhljóm
frá himneskum sölum.

Guðm. Guðmundsson.

Lag: Lyksalig, lyksalig hver Sjæl, som har Fred.

Pig kvökuðu flugléttar vonirnar við,
nú vængir þeirra magnlausir falla að hlið.

Á höndum sér bar hún þig hugsjónin ung,
í hennar stað kom dauðinn og vanheilsan þung.

Og ættjörðin frjáls var þér sárþráðust sjón,
nú sirgir útför þína vort hrímklædda Frón.

Þú þektir ei fegra en frjáslindi' i sál,
nú fækkar þeim um einn, sem er hugstætt það mál.

Það góða', er þú vildir, þó gera samt þarf,
við geimum þinna vona og hugsjóna arf.

Og auðnist því nokkrum af okkur að ná,
þá er þín minning starfandi braeðrunum hjá.

Nú þökkum við samvinnu' og þökkum þér alt,
er þögull dauðinn biður þér hvílurúm svalt.

En hlirra þú átt þér í hug okkur bú,
þar hafa fáir ljúfara sæti en þú.

FJELAGSPRENTSMÍDJA.

Viðaukablað við Pjóðolf

17. jan. 1902.

Dr. Valtýr ritar í „Nationaltíðindin“.

Adalblað vinstrimanna, „Politiken“, synjar grein hans viðtöku.

Foringi íslenzkra vinstrimanna(!) á vegum danska hægrimanna!

Eptir Val og Hrafn.

Dr. Valtýr — þjóðhetja þeirra Hafnarstjórnarmanna — raular nú líksöngsbraginn sinn — sem „pólítikus“ — í „Nationaltíðindunum“ dönsku, sem er blað hægrimanna, eins og kunnugt er. Vildi hann unga þessu fóstri sínu út í „Politiken“, helzta blaði vinstrimanna, en var ger apturreka, svo að hann varð að leita á náðir hægrimanna. — Hafnarstjórnarmönnum hlýtur að vera meir en litil raun að slíku, því að þeir sjálfir fullyrða — og sumir smærri spámennirnir meðal þeirra trúu því likega —, að þeir séu réttnefndir vinstrimenn. Skyldi þeim eigi virðast það undarlegt, að adalblað danskra vinstrimanna skuli neita foringja(!) íslenzkra vinstrimanna(!) um húsaskjól handa greinum sínum? Skyldu þeir ekki hafa vit að draga neina ályktun af þessu um það, hvort þeir séu vel að þessu stássnaðni kommir, er þessir ósjálfhælnu merkismenn hafa sjálfir valið sér?

Þessi grein Valtýs í „Nationaltíðende“ 2. des. er einhver sú surðulegasta ritsmið, er frá hans hendi hefur komið, og er þa langt til jafnað. Lýsir sér í henni sama snilldin, sama sannleiksastin, sama ræktarþelið til ættjardarinnar, eins og í greinni frægu um stjórnarskrármálið í „Eimreiðinni“ 1899, þeiri er nafnkunn er orðin fyrir hugsanvillur og ber vitni um stökustu fáfræði og megnasta misskilning á máli því, er hún var rituð um. Sá er þó munurinn, að Eimreiðargreinin var rituð í einkonar sigurvímu með hægrimanna ráðaneytið að bakhjari og eptir innblæstri þess, en þessi grein er rituð í óráðsvímu og algerðu vonleysi um, að innlimunarprógramið hans ur „Eimreiðinni“ verði viðurkennt af hinni núverandi stjórn. Nú hefur doktorinn ekki ráðaneytið sér til styrktar og stuðnings á þessari pólítisku krossferð sinni, en skrifar fyrir eigin reikning í óþökk margra flokksmanna sinna, sem eru að falla frá honum sumir hverjur, og vilja ekki lengur viðurkenna hann sem foringja. Svona snýst hamingjuhjólið.

Það væri, ef til vill, réttast að þýða þessa nyju grein Valtýs í heilu lagi, svo að alþýðu manna gæfist kostur á, að virða sem bezt fyrir sér þessa meistaramið, en slíks er ekki kostur, sakir rúmleysis, enda greininni naumast gerandi svo hátt undir höfði. Skal hér því að eins skýrt frá helztu fjarstæðunum og rangfærslunum í téðri grein.

Fyrsta fjarstæðan í grein þessari er sú, að embættismannaflokkurinn hér í Reykjavík, sé mótsfallinn frumvarpi hans. Meiri hluti embættismannannana hér í

Reykjavík er ramvaltýskur, sein bezt kom í ljós við kosningarnar í fyrra. Virðist það surðubiræfið af doktornum, að gæða Dönum á þessum ósannindum, þar sem málþípa hans, „Ísafold“, lét svo drjúglega yfir því í fyrra, hversu margir embættismenn hefðu kosið hann Jón sinn Jensson. Það er klarkalýðurinn íslenzki, með biskupinn sjálfan í broddi fylkingar, er ötulast hefur sótt róðurinn fyrir Valtý. Og það sýnir sagan oss, að sjaldan hefur klarkalýður sylgt frjálslynda flokknum að málum, þegar hann hefur vasazt í pólítisk. Örfær undantekningar, eins og t. d. séra Hannes Stephensen, séra Halldór á Hofi, sanna ekki hið gagnstæða. Þess má og geta, að á síðasta þingi voru fleiri embættismenn Hafnarstjórnarmenn en heimastjórnarmenn, sem hér segir:

Embættismenn í flokki Hafnarstjórnarmanna:

1. Axel Tulinus.
2. Guðlaugur Guðmundsson.
3. Hallgrímur Sveinsson.
4. Jóhannes Jóhannesson.
5. Kristján Jónsson.
6. Magnús Andrésson.
7. Magnús Þorðason.
8. Ólafur Ólafsson.
9. Sigurður Jónsson.
10. Stefán Stefansson (2. þm. Skf.)
11. Valtýr Gnðmundsson (danskur embættismaður og danskur hægri-máður).
12. Þórður Thoroddsen.

Embættismenn í heimastjórnarflokki.

1. Björn Bjarnarson (þm. Dal.)
2. Eiríkur Briem.
3. Hannes Hafstein.
4. Jónas Jónasson.
5. Július Havsteen.
6. Klemens Jónsson.
7. Lárus Bjarnason.

[Hér er ekki talinn Tryggvi Gunnarsson, því að hann er ekki embættismaður. Séra Arnljóti, sem ekki sat á þingi, er og sleppt].

Skyldu hinir rökfróðu Hafnarstjórnarmenn treystast að hrinda skýrslu þessari? Tveir embættismenn áttu sæti á síðasta þingi, er ekki er getið hér. — Annar þeirra, Einar prófastur Jónsson, var bil beggja — og hafa Hafnarstjórnarmenn játað það, en um hinn, Árna landsfógeta Thorsteinsson, er ekki unnt að fullyrða, hvoru megin hann sé.

Valtý væri uu ráð, að láta af vaðli sínum um, að það sé einkum embættismannaflokkurinn, er sé mótsnúinn „valtýskunni“. Sá þvætingur aðtti nú að vera kveðinn niður,

Meiri hluti bændanna eru og heimastjórnarmenn, þeirra er sæti áttu á þingi í sumar. Að eins tveir voru Hafnarstjórnarmenn: Ólafur Briem og Þórður Hala, er villtist í flokk þeirra í sumar.

Önnur tjarstæðan í grein doktorsins er sú, að frumvarp hans hafi verið samþykkt með 19 atkvæðum í neðri deild á alþingi 1897, en sú breyting hafi raunari verið á því gerð, í hérjum Íslands

skyldu ekki rædd i riskisráði Dana og að 61. gr. skyldi vera óbreytt. Var það svo lítilsháttar breyting? Hann getur aldrei skilið það, eða lætur sem hann skilji það ekki, að það var allt annað frumvarp, er samþykkt var, og að það var gert á öðrum grundvelli en hans frumvarp, enda hefur „Ísafold“ kallað það frumvarp „riskisráðsfleyginn“ Hann aðtti og að muna það, að hann tók frumvarp sitt aptur, að annar þingmaður tók það upp, og að það var fellt þá þegar frá 2. umræðu. Þó segir maðurinn, að frumvarp sitt hafi verið samþykkt með 19 atkvæðum — og er hróðugur af. — Það er ekki surða, þótt maðurinn hrækji hraustlega. Það gera allir spjátrunganar, er þykjast ávallt standa, hversu opt sem þeim er skellt niður.

Þridja fjarstæðan eða alger ósannindi er það, er doktorinn segir, að 10-manna-frumvarpið hafi verið felt með sama atkvæðafjölda sem Valtýsfrumvarpið var samþykkt. — 10-mannafrumvarpið var felt með 11 atkvæðum gegn 11 (flutningsmannanna og Einars Jónssonar), en Valtýsfrumvarpið var samþykkt með 12 atkvæðum gegn 10.

Doktorinn endurtekur það, að embættismannaflokkurinn sé andvígur sér og flokki sinum í skoðunum. — Hefur því verið hrundið fyr í grein þessari. — Svo heldur hetjan áfram og segir: „For dem er nemlig hele Spørgsmalet kun et Magtspørgsmaal“. (c: þeim er fyrir öllu, að þeir hafi völdin!) Hreinar ætlaðar hann þeim hvatirnar og drengilegar! — „Margur dæmir mann af sér“. Það hefur liklega ekki verið valdagirni, er tak doktorinn á þá „pólítiku“ villibraut, er hann reikar nú á? Að minnsta kosti hefur hann gert sér einhverja von þess að verða kvaddur til skrufs og ráðagerða, er ráðgjafin hans „sérstak“ yrði skipaður, því að hann staðhæfði, bæði í ræðu og riti, að Magnús landshöfðingi Stephensen yrði ekki latinn skipa þann tignarsess. Sumir þarfþjónar hans hér í bænum hafa og stundum fullyrt, að hann væri orðinn ráðgjafi — og þykir liklegt, að doktorinn hafi átt einhvern hlut að þessari trú þeirra, er hingað til hefur „látið sér til skammr verða“. Mun nú ráðgjafan vonin heldur tekin að daprast fyrir Valtý, og mun það hafa óheppileg ahrif á skapsmuni hans.

Pessu næst segir doktorinn, að þeir (c: embættismannirnir) hafi haft mjög lipran lagsbróður (en ganske behagelig Makker), þar sem ráðgjafi Íslands hafi verið, því að hann hafi „sakir þekkingarskorts á íslenzkum malum optast orðið að fara að tillögum landshöfðingja, einkum að því, er kemur til embættaveitinga, umsjónar og því líks“.

Bærilega segist honum. En það er dálitið eptir enn þá. Valtý hefur orðið:

„Ef frumvarpið yrði að lögum, þá væri hætt við, að hinn nýi sérstaki ráðgjafi yrði ekki af þeirra (c: embættismannirnir), en af deru segne“.

heldur einmitt einhver úr flokki framfaramanna (c: „Hafnarstjórnarmanna“).

Barna kom það. Hætt við að „sérstaki ráðgjafinn“ yrði einhver úr flokki framfaramanna! Það er þá ekki lýgi, að þeir hafi gert sér von um bitann, „framfaramennirnir“ hans Valtýs. Það hefur líka kvísað, að amtmáðurinn nordan og austan hafi haft ljúfa drauma í fyrra vetur, um, að hann myndi innan skamms hækka í tigninni, — og gerðist hann valtýskur um þær mundir. Þó er hitt líklegra, er sumir spakir menn hafa gizkað á, að Valtý hafi ætlað sér bitann, eins og fyr er skráð, og launa svo flokksmönnum sínum sumum trúua og dyggva þjónustu, er hann væri kominn til valda.

En athugi menn nú vel, hvað fölgid er í þessu góðgjarnlega fleipri doktorsins.

Hann segir, að ráðgjafi Íslands „hafi optast orðið að fara að tillögum lands-höfðingja, sakir þekkingarskorts á málum Íslands“.

Einmitt það sama sem heimastjórnarmenn hafa allt af haldið fram! Þeir hafa sagt, að það hafi atvikast þannig, að landshöfðingi hafi haft æzta valdið í raun og veru („faktiskt“), þótt ráðgjafinn hefði það lagalega („juridiskt“).

Parna játaði hann sjálfur það, er hann og samherjar hans hefðu sízt viljáð.

Svo tekur doktorinn að lýsa væntanlegum afrekum ráðgjafans „sérstaka“ (c: hans sjálf, er hann væri kominn til valda?). Hann segir, að hann myndi breyta ýmsu, er ekki væri hætt við, að breytt yrði, svo lengi sem Íslendingar hefðu danska ráðgjafann.

Spaklega mælir hann, sveinar!

Hér játar hann, að ráðgjafinn (c: hann sjálfur?) myndi toga til sin völdin, er hann segir, að hann muni breyta ýmsu, er breytt verði ekki, meðan stjórnarfyrirkomulag vort er óhagað, því að nú geti landshöfðingi ráðið eða haldið í hemilinn á þeim framfaramönnunum og frelsisvinunum, Valtý Guðmundssyni, herra Hallgrími biskupi og Kristjáni Jónssyni, er bardist vasklegast gegn „benedizkunni“ 1893 og 1894 — hann segist raunar hafa gert það „a f ástæðum“ og gegnir slikt stórra furðu, — og hetur jafnan verið mótsfallinn lækknun eptirlauna. En það er að fá að valdið út úr landinu, að fá það enn meir í hendur, en nú er, manni, búsettum í Höfn. — Er ekki óliklegt, að sumir flokksbraður Valtýs kunnihinum grunvitra foringja sinum litlar þakkir fyrir þetta hjal.

Það eitt er um breytingar þær að segja, er Valtý hyggst að koma á „ráðgjafasessinum, að vitrir menn og hyggir geta ekki treyst því, að hann beri gæfu til að koma nokkrum þeim breytingum a, er megi verða þjöld vorri að nokkru gagni. Menn hafa enn ekki gleymt, hver það var, er bezt synti gegnum skýjaköfin, þegar járnbrautarmera selaðar var að ferðinni. Meni hewa

enn — og það mun lengi verða í minnum haft, — þegar doktorinn sá svína-hjárdírnar hrjóta úr járnbrautarteinunum. Mun þessi „svína-pólítík“ þessa undarlega „pólítskusar“ lengi verða að gamni höfð. Gleymt er og ekki, hver bardist helzt og bezt fyrir „Vestu“-útgerðinni frægu, en það var Valtýr. Beið landssjóður hið vodalegasta tjón af því. Svona fer flest, er ekkert vit er í, og svona reynist það happasælt, þegar heimskingjarnir sá að ráða!

Það væri annars ómaksins vert að
rita ítarlega lýsingu á allri frammistöðu
Valtýs á þingi, og sýna þar svart á
hvítu, hve hollráðar og viturlegar tillög-
ur hans hafa verið. Væri það gott efni
í laglegan pésa. Mundu þá Vestmann-
eyingar t. d. sannsærast um, hvilkt
happaverk þeir hafi unnið með því að
senda þann mann á þing, er fleygadí
sjálfstjórnarmál vort svo, að til stórv-
andræða og vanvirðu horsði, ef hann
og hans flokkur hefði fengið að ráða,
mann, sem hvað eptir annað hesur lá-
ið í ljósi, að hinar æðri menntastofnan-
ir vorar ættu að leggjast niður, þann
mann sem meðal annars greiddi atkv.
á síðasta þingi með Guðlaugs-hneyksli-
inu—botnvörpuveiðum í landhelgi fyrir
Skaptafellssýslum. Pennan síðasttalda
hnykk þingmanns síns ættu Vestmann-
eyingar, er mest lisa af sjávarafla, að
minnsta kosti að kunna að meta.

Svo heldur Valtýr áfram hjali sínu um embættisflokkinn (o: heimastjórnarmenn, er hann kallar svo) og fer að fræða Dani um, hví Hannes Hafstein hafi verið sendur utan. Sú var orsókin til þess, segir hann, að heimastjórnarmenn treystust ekki til þess, að vinna sigur á mótherjum sínum í næsta koningabardaga. Hér varð því að leita dýrra ráða. Þeir urðu því að fá hina nýju stjórn vinstrimanna til þess að vera sín megin. Og það hugðust þeir (c: heimastjórnarmenn) að gera með því, að telja henni trú um, að þeir væru sjálfir vinstrimenn, væru framsóknarmenn, með öðrum orðum: gabba hina nýju stjórn með því að skrokva því upp, að embættismannaflokkurinn væri framsóknarflokkurinn („det radikale Parti“). Og allt er þetta gert til þess, að halda stjórnarástandinu óbreyttu, til þess að halda þessari dýrmætu eign, Íslandsráðgjafanum danska, er doktorinn kallar „den blinde Makker“.

Laglega syngur hann! Einstaklega
eru þetta kurteislegar aðdróttanir að
mótstöðumönum sínum! Það er þokka-
legt að rita svona um móttöðumenn
sína í erlend blöð! Von er að hinum
smekkvísa(!) og skarpvitra(!) ritstjóra
„Ísafoldar“ finnist mikið um ágæti grein-
ar bessarar. — „Hvað elskar sér líkt“.

Pá kemur fróðleg skýrsla um, hverjir
ir þeir séu, þessir merkismenn, er skipi
embættisflokkinn, eins og hann leyfir
sér að kalla móttöðumenn sína. Þar
eru 5 framsóknarmenn („5 radikale
Medlemmer“), nfl. 1 sýslumaður (líklega
Klemens eyfírzk) og 4 bændur, og 10
ramir apturhaldsmenn („højkonsererva-
tive“). Af þeim eru 4 konungkjörnir
og 6 þjóðkjörnir. Hikar hann ekki við
að telja ritstjóra „Þjóðólfs“ í þeirra
flokkki, þótt hann hafi jafnan verið hinn
einbeittasti fylgismaður „endurskodun-
arinnar“, hafi jafnan barizt harðlega
með lækkun eptirlauna og æ viljað fá
menntastofnanir vorar inn í landið, en
ekki fara með þær suður til Kaupmanna-
hafnar, eins og foringi þeirra Hafnar-
stjórnarmanna, meistari Valtyr. Svo
eru 3 bændur, er doktorinn virðist í
fyrstu vera í hálfsgerðum vandræðum
með að vista, af því að þeir hafa ekki
setið sýr á þingi. Svo verður það þó

úr, að hann skipar þeim á bekk með embættis- og apturhaldsliðinu, af þeirri ástæðu, að þeir fylgdu því í blindni í hvívetna. Þessir þrír bændur hljóta að vera þeir Jósafat Jónatansson, Stefán í Fagraskógi og Hermann Jónasson. Peir hafa ekki átt sæti fyr á þingi. Virðist það surðu djarft að skipa í þann flokk einhverjum helzta framsfara- og menntamanni meðal íslenzkra bænda, eins og Hermann Jónasson er.

Svona hljóðar nú lýsing doktorsins á móttöðumönnum hans. Það er undarlegt, að hann skyldi ekki lýsa að nokkrum helztu frelsisgörpunum í flokki sínum. Þar er þó margt prýdimennið! Hefði hann auðvitað talið sig þar fyrstan, danskan hægrimanninn og eptirmann Gísla gamla Brynjúlfssonar, er Guðlaugur skammaði mest forðum. Svo hefði ekki mátt gleyma biskupnum, herra Hallgrími, er jafnan hefur verið framaðla í frelsismannafylkingunni, svo sem tótt hefur verið um biskupa eða hitiþó heldur. Og svo má ekki gleyma þeim Axel og Sigurði búfræðingi, þessum „hálfgildingum Halldórs Mýraljóss“ eins og heyrzt hefur, að syndinn og „hreinlyndur“ þingmaður úr þeitra eigin flokki hafi kallað þá.

